

Hvers vegna Þjóðhagsstofnun?

Afleiðingarnar af því að leggja niður Þjóðhagsstofnun eru töluvert meiri en uppsagnir tuttugu starfsmanna.

Þjóðhagsstofnun hefur mikla sérstöðu í efnahagsumhverfinu sem óháð sérfræðistofnun sem nýtur trausts og álits og talin vinna faglega að þeim málum sem henni hafa verið falin. Þá nýtur stofnunin trúnaðar atvinnurekenda jafnt og verkalýðshreyfingar. Henni hafa verið falin ýmis verkefni af ráðuneytum og þingmönnum sem leitað hafa til sérfræðinga stofnunarinnar. Þjóðhagsstofnun tryggir því greiðan aðgang þingmanna allra flokka, aðila vinnumarkaðarins og alls almennings að áreiðanlegum upplýsingum um framgang efnahagsmála og er þessi starfsemi tryggð í lögum um stofnunina.

Verði stofnunin lögð niður verður ekki til sjálfstæð stofnun sem fjallar um efnahagsmál. Samkvæmt frumvarpi því sem lagt hefur verið fram í ríkisstjórn verður gerð efnahagsspáa færð til fjármálaráðuneytis og gæti því ekki talist óháð. Það er sjálfsgöð krafa að gerð sé óháð efnahagsspá sem aðhald við spár hagstjórnaraðila eins og fjármálaráðuneytis.

Átelja verður vinnubrögð forsætisráðuneytis, en í þeirri vinnu sem fram hefur farið hafa aðrir möguleikar til endurskipulagningar en sá að leggja niður Þjóðhagsstofnun ekki fengist ræddir. Starfsmenn hafa lagt áherslu á að skoða þurfi alla valmöguleika áður en ákvörðun er tekin og hafa lýst sig reiðubúna til samstarfs.

Ekki hafa verið lögð fram nein rök fyrir því að lokun Þjóðhagsstofnunar leiði til hagræðingar. Þvert á móti er flest sem bendir til þess að þessi leið verði kostnaðarsöm fyrir ríkisvaldið í heild. Í frumvarpinu felst að færa eigi starfsemi stofnunarinnar til annarra stofnana og ráðuneyta. Það sem sparast á fjárlagalið Þjóðhagsstofnunar mun því koma fram sem kostnaðarauki hjá öðrum stofnunum og ráðuneytum. Rekstur stofnunarinnar hefur verið mjög hagkvæmur fram til þessa og því ljóst að truflun á þeirri starfsemi og flutningur til annarra stofnana er kostnaðarsamur.

Frumvarpið felur í sér miklar breytingar á störfum allra starfsmanna Þjóðhagsstofnunar. Í greinargerð frumvarpsins er þó einungis rætt um gerð þjóðhagsreikninga og efnahagsspáa, en á Þjóðhagsstofnun eru nú unnin alls kyns verkefni sem hvergi er minnst á og óljóst hvar verði vistuð ef stofnunin verður lögð niður. Af fjölmörgu er að taka, en sem dæmi má nefna úttektir um ýmis mál, eins og áhrifum EES, loftslagssamninga og stóriðju og verkefni tengd sjávarútvegi og almannatryggingum.

Ljóst er að með ákvörðun um að leggja Þjóðhagsstofnun niður er verr af stað farið en heima setið. Því til stuðnings þarf einungis að benda á vandræðagang stjórnvalda, en í heilt ár hefur það vafist fyrir forsætisráðuneytinu.

Katrín Ólafsdóttir
hagfræðingur á Þjóðhagsstofnun